


**Saga og markmið** Alþjóðlegu vatnafuglasamtökin, Waterbird Society, voru stofnuð 1976 og samanstanda af sérfræðingum og nemum sem stunda eða hafa áhuga á rannsóknum á vatnafuglum og verndun þeirra.

Hlutverk samtakanna er að stuðla að rannsóknum, varðveislu og verndun á vatnafuglategundum heimsins. Helstu markmið þess eru að: (1) styðja við grunn- og hagnýtar rannsóknir á vatnafuglum og búsvæðum þeirra; (2) stuðla að vísindalegri nálgun við verndun vatnafuglategunda; (3) styrkja samskipti og fræðslu á öllum stigum milli sérfræðinga, stjórnsýslu og borgara með því að gefa út alþjóðlegt ritrýnt vísindatímarit, halda áðstefnur og styrkja ýmis fræðsluverkefni.



- Vatnafuglar, þ.e. vaðfuglar, strandfuglar, sjófuglar og andfuglar skipa mikilvægan hluta af fuglategundum heimsins.
- Vatnafuglar hafa fjölbreytta líkamssbyggingu, hegðun og búsvæði.
- Vatnafuglar hafa útbreiðslu um allan heim, frá pólsvæðum til miðbaugs og frá fjarlægum eyjakeðjum til svæða í mikilli byggð.
- Waterbird Society helga sig rannsóknum, vernd og varðveislu tegunda vatnafugla og búsvæða þeirra.
- Taktu þátt í helsta vísindasamfélagi heimsins tileinkuðu vatnafuglum!

**Þátttaka** Alþjóðlegu vatnafuglasamtökin hvetja alla sem hafa áhuga á líffræði og verndun vatnafugla og búsvæða þeirra til að ganga í samökin og taka þátt fjölbreyttu starfi samtakanna. Samtökin hvetja nemendur til að skrá sig í félagið og taka þátt í nefndum og ráðstefnum.

Meðlimir fá rafrænar og/eða prentaðar útgáfur af *Waterbirds* vísindatímaritinu og afslátt af skráningargjöldum á fundi og ráðstefnur.

Gjaldskrá má nálgast á [www.waterbirds.org/join\\_us.htm](http://www.waterbirds.org/join_us.htm).


## Tengiliður

Dr. Erica Nol (2016-2017)  
Netfang: [enol@utrent.ca](mailto:enol@utrent.ca)



WaterbirdSamfélag er rekinn í hagnaðarskyni organizationHagnaður, 501 (c) (3) og framlög til þess eru frádráttarbær frá þinn Skatthlutfall leyfilegt samkvæmt lögum.

# THE WATERBIRD SOCIETY




The Waterbird Society  
Alþjóðlegu vatnafuglasamtökin beita sér fyrir vísindarannsókn um á vatnafuglum og verndun þeirra.

<http://www.waterbirds.org>

## Tímarit

Alþjóðlegt ársfjórðungsrit Waterbird Society, *Waterbirds*, er ritrýnt vísindatímarit sem birtir niðurstöður nýrra rannsókna og og einnig sérstök ráðstefnur um vaðfugla, strandfugla, sjófugla og andfugla. Leiðbeiningar um framlög vísindagreina má sjá á <http://waterbirds.org/journal/information-for-contributors/>



Efnisyfirlit nýjustu útgáfu

*Waterbirds* má sjá á vefnum á <https://waterbirds.org/journal/table-of-contents/>



## Verðlaun & styrkir

Waterbird Society veitir einstaklingum ýmis verðlaun fyrir framúrskarandi framlög til vatnafuglavísinda, fyrirmyndarvinnu í þágu samfélagsins og til nema sem halda afbragðs fyrirlestra á ráðstefnum. Ferðastyrkir á árlegu ráðstefnuna eru í boði fyrir nemendur. Kushlan and Nisbet Research Awards veita styrki til rannsókna á vatnafuglum. Upplýsingar um umsóknir til námsmanna- og rannsóknarstyrkja má finna á <https://waterbirds.org/awards/>.



## Að styrkja samtökin

Fjárframlög einstaklinga efla fjölbreytta starfsemi Waterbird Society til muna. Þessi framlög styðja bæði við rannsóknastarf og verndun vatnafuglategunda. Waterbird Samfélag er rekinn í hagnaðarskyni organizationHagnaður, 501 (c) (3) og framlög til þess eru frádráttarbær frá Þinn Skatthlutfall leyfilegt samkvæmt lögum.



Fjárframlög hjálpa okkur að:

- Gefa út alþjóðlegt tímarit samtakanna (*Waterbirds*),
- Halda árlegar ráðstefnur þar sem vísindamenn kynna niðurstöður sínar og eiga samskipti við kollega sína um allan heim,
- Styrkja ferðir námsmanna á ráðstefnuna,
- Fá leiðandi sérfræðinga á sínum sviðum á ráðstefnur svo þeir geti deilt sýn sinni og reynslu,
- Veita viðurkenningar fyrir framúrskarandi rannsóknastarf.

Nánari upplýsingar um hvernig styrkja má samtökin veitir gjaldkeri samtakanna (Christine Custer, [ccuster@usgs.gov](mailto:ccuster@usgs.gov)). Öll framlög eru mikils metin.



## Árleg ráðstefna

Waterbird Society heldur árlega ráðstefnu fyrir meðlimi og aðra áhugasama vísindamenn til að kynna niðurstöður rannsókna og kynnst öðrum sérfræðingum og nemum um allan heim. Ráðstefnuna sækja yfirleitt um 300 manns og hefur hún verið haldin í Norður og Suður Ameríku, Evrópu og Asíu.

Waterbird Society hefur átt mikilvægan þátt í þróun verndaráætlana í Ameríku með myndun vettvangs fyrir umræður og koma þannig saman einstaklingum um allan heim sem stunda athuganir á svipuðum mállefnum.

